

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Mælikvarði 1:50.000

BREYTING Á STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI: Staðfest 6.apríl 2006

① Landbúnaðarsvæði (ca. 100 ha.) breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lóðum fyrir frístundabyggð á Suðurlandi og hafa landeigendur unnið að því að koma til móts við þá eftirspurn. Uppbygging frístundabyggða hefur mjög jákvæð áhrif á alla atvinnustarfsemi á svæðinu. Við gerð skipulagsins er höfð að leiðarljósi stefna sveitarstjórnar sem sett er fram í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins 2004-2016 á bls. 42, þar sem kemur m.a. fram í fyrsta lið að sveitarstjórn líti mjög jákvæðum augum á uppbyggingu sumarhúsaferfa.

Við gerð deiliskipulags er reynt að lágmarka áhrif frístundabyggðarinnar á umhverfið eins og hægt er, en ekki verður hjá því komist að einhver áhrif verði sbr. kafla um mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar frístundabyggðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi bls. 46 í greinargerð aðalskipulags.

Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi 2004-2016 er gert ráð fyrir um 1.400 ha. svæði fyrir frístundabyggð. Eftir þessa breytingu verður gert ráð fyrir frístundabyggð á um 1.500 ha. svæði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 88 lóðum af stærðinni 5.500 - 11.600 fm. Þess er gætt að 25 % svæðisins sé tekið frá sem opið svæði til almennrar útivistar sbr. 4. lið stefnu sveitarstjórnar bls 44 í greinargerð.og í deiliskipulagsskilmálum eru gerðar kröfur um að húsin fari vel í umhverfi m.a með tilliti til litarvals og mænishæðar. Stutt er í alla þjónustu 20 km á Selfoss og um 10 km að Brautarholti þar sem er m.a. sundlaug.

Tveir vegir liggja inn á svæðið frá þjóðvegi, Sá syðri liggur að Áshildarmýri og sá nyrðri að Árhrauni. Ekki er gert ráð fyrir neinum nýjum tengingum við þjóðveginn vegna frístundabyggðarinnar

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. ágúst 2006.

Pétur Rígi Haraldsson




Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 6. sept. 2006.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann 26. sept. 2006.


F. h. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.l.
Laugavegur 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140

Ingiljörg Halldórsdóttir

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.l.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140



Núverandi skipulag



Breytt skipulag

- MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR
- HVERFISVERNDARSVÆÐI
- ÚTIVISTARSVÆÐI Í ÁSHILDARMÝRI-SKÓGRÆKTARREITUR